

Lífsleikni 3. bekkur

Kennarar: Sara Gísladóttir

3

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Kennsluaðferðir: Leitaraðferð, umræður - og spurnaraðferð, innlögð frá kennara, hlutverkaleikir o.fl.

Nemendur fá leiðsögn í lýðræðislegum vinnubrögðum eins og þau geta komið fyrir á öllum þessum sviðum, hvort sem um er að ræða fjölskylduna, vinahópinn, skólann, nærsamfélagið eða samfélagið í víðara samhengi. Markmið lífsleiknikennslu er að nemendur tileinki sér réttisýni, gildismat og ábyrgð, sem meðal annars byggir á hæfni til þess að setja sig í spor annarra og hæfni til þess að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir eigin hag, umhverfið og þjóðfélagið í heild.

Námsaðlögun

Nemendur fá verkefni miðað við eigin getu og hæfni.

Námsmat

Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum. Notast er við leiðsagnarmat og símat jafnt yfir allan veturinn.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

- * Framúrskarandi
- ✓ Hæfni náð
- ◇ Á góðri leið
- Þarfnast þjálfunar
- X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

- A = Framúrskarandi
- B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða
- B = Góð hæfni og frammistaða
- C+ = Á góðri leið
- C = Sæmileg hæfni og frammistaða
- D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VS - Samfélagsgreinar 3. bekkur

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

VS - Samfélagsgreinar 3. bekkur - Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.
- Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.
- Sett sig í spor annarra jafnaldra.

VS - Samfélagsgreinar 3. bekkur - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Geti sýnt tillitssemi og unnið með öðrum með ólíkar skoðanir og þarfir.
- Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum.
- Geti borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.

NÁMSEFNI/GÖGN

 **Spor 3**
Lífsleikni

 **Klípusögur**
Lífsleikni

 **Hlutverkaleikir**
Lífsleikni